



Helgar borgir

Mekka

Borgin Mekka í Sádi-Arabíu er helgasta borg múslima enda fæðingarstaður Múhameðs. Mekka var forn helgidómur áður en Múhameð fæddist og nefndist þá al-Haram sem merkir friðhelgur. Á þessum tíma var Mekka miðpunktur trúarlífs á Arabíuskaganum og áfangastaður pílgrímsferða en einnig kom fólk saman í borginni til að eiga viðskipti hvert við annað. Múhameð bjó í Mekku til ársins 622 en þá flúðu hann og fylgismenn hans til Medínu vegna ofsókna. Múhameð náði þó Mekku á sitt



Arabíuskaginn, eða einfaldlega Arabía, er skagi í Suðvestur-Asíu á mörkum Asíu og Afríku.

Pílgrímsför er ferðalag sem fólk fer í til helgs staðar. Fólk fer í slíkar ferðir til að styrkja trú sína meir eða til að sýna lotningu sína fyrir helgidóminum.

vald árið 630. Í Mekku er Kaba sem er mesti helgidómur múslima. Alls staðar í heiminum snúa múslimar í átt að Mekku þegar þeir biðjast fyrir. Í pílgrímsmánuðinum eða Dhu al-Hijjah koma mörg þúsund pílgrímar til Mekku, enda ein af frumskyldum múslima að fara pílgrímsferð þangað einu sinni á ævinni ef þeir hafa efni og aðstæður til.

Hægt er að lesa meira um pílgrímsferðirnar í kaflanum: Hátíðir > Hajj og fórnarhátíðin.

Medína

Medína er staðsett aðeins norðar en Mekka og er næst helgasta borg múslima. Þangað flúði Múhameð árið 622 ásamt fylgismönnum sínum. Ferð Múhameðs frá Mekku til Medínu nefnist hijra og er upphaf að stofnun íslamsks samfélags sem nefnist umma en einnig upphaf tímatala múslima.

Hægt er að lesa betur um hijra í kaflanum: >Forsaga íslam > Frá Mekka til Medína.

Múhameð átti miklu fylgi að fagna í Medínu og varð bæði andlegur og veraldlegur leiðtogi þar. Múhameð fór með stjórn hernaðar, pólitíkur og trúarlegra málefna í Medínu og varð mikilsvirtur leiðtogi. Þó Múhameð hefði náð Mekku á sitt vald hélt hann áfram að búa í Medínu og lést þar í júní árið 632.

Jerúsalem

Jerúsalem er þriðja helgasta borg múslima sökum þess að þangað fór Múhameð ásamt englinum Gabríel til að hitta aðra spámenn Guðs og þaðan opnaðist honum aðgangur að



Jerúsalem er borg í Palsetínu sem tengist helgisögnum og arfleið gyðinga, kristinna og múslima og er því mjög helg hjá þeim öllum.

Muserishæðin er staður í Jerúsalem þar sem áður stóð merkt musteri gyðinga. Muserishæðin er mjög helg bæði í hugum gyðinga og múslima.

Paradís er hann fór upp í sjöunda himin. Þetta átti sér stað á Muserishæðinni í Jerúsalem og þar stendur í dag ein helgasta moska múslima.

Hægt er að lesa betur um þetta ferðalag í kaflanum: Forsaga íslams > Nótt ferðalagsins.

Spurningar

1. Hverjar eru þrjár helgustu borgir múslima?
2. Hvers vegna snúa múslimar sér í átt að Mekku þegar þeir biðjast fyrir?
3. Hvaða hlutverki gegndi Múhameð í Medínu?
4. Hvers vegna er Jerúsalem mikilvæg borg í huga múslima?